



Kópavogi, 8. júní 2026
25102713/ AK

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040

Umsögn um auglýsta tillögu að aðalskipulagi

Umsögn skipulagsfulltrúa

Þann 7. maí 2026 barst erindi frá Hafnarfjarðarbæ þar sem óskað er eftir umsögn Kópavogsbæjar um nýtt Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040, auglýst tillaga. Um er að ræða mál nr. 1446/2025 í skipulagsgátt. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar dags. 11. maí 2026 var erindinu vísað til verkefnastjóra aðalskipulags.

Umsögn um tillögu að aðalskipulagi

Nýtt aðalskipulag felur í sér töluverða aukningu á fjölda íbúða á ÍB-12, frá gildandi aðalskipulagi, sem hefur í för með sér fjölgun ferða til og frá svæðinu. Kópavogsbær leggur áherslu á að samgöngumál svæðisins verði sérstaklega skoðuð, með það að markmiði að umferð um Elliðavatnsveg og Flóttamannaveg aukist ekki umfram það sem vegurinn og aðliggjandi svæði þola. Gegnumstreymisumferð um svokallaða Flóttamannaleið tengist inn á Vatnsendaveg sem liggur í gegnum íbúðarbyggð í Kópavogsbæ og hefur augin umferð neikvæð áhrif á svæðið.

Það er einnig mikilvægt að skoða samgöngumál m.t.t. til þess að vegurinn í núverandi mynd hefur takmarkaða getu og ekki hefur verið tekin ákvörðun um framtíðar fyrirkomulag vegarins. Því er mikilvægt að meta umferðartengingar við svæðið í þessu samhengi.

Sveitarfélagamörk Kópavogs og Hafnarfjarðar liggja frá Húsafelli suður fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum. Um er að ræða þjóðlendu innan Kópavogsbæjar. Hvað varðar tengsl aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna má helst nefna fyrirkomulag Bláfjallavegar. Eftirfarandi umfjöllun er í töflu á bls. 105 í tillögu að aðalskipulagi:

Tengibraut	Bláfjallavegur	12,7	Frá Krýsuvíkurvegi að sveitarfélagamörkum við Kópavog. Vegurinn er í dag lokaður bílaumferð frá Leiðarenda. Mikilvæg tenging við upplandið og getur nýst sem flóttaleið.	Vegurinn er í dag lokaður frá Leiðarenda vegna vatnsverndar. Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að hann verði lagfærður og opnaður aftur á skipulagstímabilinu.
------------	----------------	------	--	--

Mynd 1 sýnir umfjöllun um Bláfjallaveg í kafla 23.7.2 Tengibrautir í tillögu að aðalskipulagi.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við að Bláfjallavegur verði lagfærður og opnaður aftur. Áður en hægt er að opna veginn þarf að skoða áhrif opunar m.t.t. vatnsverndar og áhrifa á umferð.

Niðurstaða

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2025-2040.

F.h. skipulagsfulltrúa
Andrea Kristinsdóttir
Verkefnastjóri aðalskipulags

